

SVEITAPÓSTURINN



MS fréttir til bænda 3. tbl. 3. árg. mars 2007

Leiðari forstjóra

Deildafundir

Í febrúar og mars voru haldnir alls 15 deildafundir á vegum MS/Auðhumlu um land allt. Fyrsti fundurinn var haldinn að Smyrlabjörgum með Austur Skaftafellsdeildinni þann 12. febrúar síðastliðinn og síðasti fundurinn var haldinn í Sveinbjarnargerði með Norðausturdeildinni 7. mars síðastliðinn.

Almennt finnst mér gott hljóð í bændum en nokkuð er það mismunandi hvaða málefni hvíla á félagsmönnum og koma þannig til umræðu á fundunum. Almenn ánægja er með þær breytingar sem gerðar hafa verið á félagini með tilkomu Mjólkursamsölnnar um síðastliðin áramót. Á Vesturlandi var tölувart rætt um innkomu Mjólkuna á markaðinn og áhrif þeirra á núverandi skipulag greinarinnar. Þá var mikil spurst fyrir um útflutningsverkefnin sem eru virkilega spennandi þróunarverkefni sem virðast ætla að geta orðið ágæt viðbót fyrir íslenska kúabændur.

Sú nýbreytni var tekin upp á deildafundunum í kjölfar samþykktabreytinga sem voru gerðar á síðasta ári að deildarstjórinn er kosinn beinni kosningu og svo fulltrúa deildarinnar. Reglan er í dag sú að hver deild fær einn fulltrúa fyrir hverja niú framleiðendur. Áður var reglan sú að einn fulltrúi væri fyrir hverja 10 framleiðendur.

Með tilkomu Norðausturdeildarinnar bætast við 20 fulltrúar þannig að fulltrúaráð MS/Auðhumlu telur tæplega 90 fulltrúa í dag. Aðalfundur félagsins verður haldinn að Flúðum föstudaginn 16. mars næstkomandi og byrjar hann á málsvörði klukkan 12:00 á hótelinu. Aðalfundurinn er opinn öllum félagsmönnum MS/Auðhumlu.

Sterk ímynd bænda

Á nýfstöðnu bændapindi voru kynntar niðurstöður áhugaverðra skoðanakannana um viðhorf almennings til bænda. Almennt má segja að niðurstaðan hafi verið bændum mjög í hag eins og kemur fram í umfjölluninni hér á eftir.

Þegar spurt var hvort að folk teldi að gæði íslenskra landbúnaðararfurða væru meiri, minni eða þau sömu og gæði innfluttra landbúnaðararfurða svoruðu 75% að þau væru meiri, 23% að þau væru jöfn og 2% svoruðu að þau væru minni. Hér kemur bersýnilega í ljós mjög sterk gæðaímynd íslenskra landbúnaðararfurða sem er mikilvægur samkeppnisþáttur fyrir okkur til framtíðar.

Þá var spurt hversu miklu eða litlu máli finnst þér skipta að landbúnaður verði stundaður hér á landi til framtíðar. Hér voru svörin mjög afgerandi. 94% aðspurðra telja það skipta miklu máli, 2% segja hvorki/né og 4% telja að það skipti litlu máli. Þessi niðurstaða er óskaplega sterk stuðningsyfirlýsing við landbúnaðinn til framtíðar enda þekkjum við sem störfum í greininni að um hana ríkir mjög góð pólitisk sátt hjá flestum.

Ein spurningin kannaði það hversu miklu eða litlu máli fólk fyndist það skipta hvort að íslendingar séu ekki háðir öðrum um landbúnaðararfurðir. 80% aðspurðra telja þetta skipa miklu máli, 8% segja hvorki/né og 13% telja þetta skipta litlu máli. Af þessu sést að matvælaöryggi þjóðarinnar skipar mikilvægt hlutverk í huga flestra.

Þegar fólk var svo hins vegar spurt hvort að það væri tilbúið að greiða hærra verð fyrir íslenskar landbúnaðararfurðir en innfluttar voru svörin eftifarandi: Þeir sem eru tilbúnir að greiða hærra verð eru 62% aðspurðra, 8% segja hvorki/né og 30% eru þessu ósammála. Það sem hægt er að lesa úr þessari spurningu er að íslenskir neytendur eru tilbúnir að borga eitthvað hærra verð fyrir íslenskar vörur en væntanlega má munurinn á milli íslenskra og erlendra afurða ekki vera of mikill.

Með bestu kveðju

Myndir hér að neðan eru frá veitingu viðurkenninga fyrir úrvalsmjólk á deildafundum 2007



Útgefandi MS

Ábyrgðarmaður:
Guðbrandur Sigurðsson
Ritstjóri:
Páll Svavarsson, palls@ms.is
Ekki er leyfilegt að vitna í Sveitapóst MS á opnum vettvangi.
Upplýsingar um rekstur félagsins og önnur skyld efni má nálgast hjá forstjóra þess, Guðbrandi Sigurðssyni, í síma 569 2200.

Gott að muna :

Gætið þess að hafa góða loftræstingu við kælivél, það sparar orku og styttir kælitíma.

Munið að panta hreinsiefnin áður en þau sem fyrir eru, klárust.

Leitið ráða hjá fagmönnum ef minnsti grunur er um að búnaðurinn virki ekki rétt.

Tilkynning til mjólkurbænda frá RM

Bændur sem hafa netfang uppgefið hjá RM hafa eflaust tekið eftir því að niðurstöður úr tanksýnamælingum eru farnar að berast með tölvupósti. Niðurstöður munu þó halda áfram að berast með gamla laginu. Í tölvupóstinum kemur ekki fram sýnatökudagsetningin en hún er venjulega sú sama og síðasta mjólkurferð var farin til viðkomandi.

Við viljum hvetja framleiðendur sem hafa netfang og vilja fá niðurstöður sendar á það, að senda okkur netfangið í tölvupósti á netfang okkar sem er rm@sam.is.

Ný vefsíða er í vinnslu hjá RM þar sem hver og einn getur nálgast upplýsingar um sitt bú það er tank- og kýrsýni o.fl. og er stefnt að því að hún verði opnuð nú á vormánuðum.

Geitabrie og Sauðabrie

Í síðustu viku hóf MS sölu á Geitabrie og Sauðabrie. Þessar vörur eru framleiddar í takmörkuðu magni því að ekki eru margir bændur í því að mjólk ær og geitur. Þessar vörur eru unnar úr hreinni íslenskri geita- og sauðamjólk. MS Búðardal framleiðir þessa lúxusosta sem margir hafa beðið spenntir eftir að sjá meðal íslenskrar ostafloðu.

Heiðursverðlaunahafar á landinu vegna ársins 2006

Óskar Gunnlaugsson	Berufirði II	Austurlandsdeild
Helga Pálmarsdóttir	Vestri-Hellum	Gaulv.b., Vill.h. og Stokkseyrardeild
Gunnar Guttormsson	Marteinstungu	Holta, Landm., Ása og Djúpárdeild
Axel og Silja	Hólum	Landeyjadeild
Vigfús Pétursson	Hægindi	Borgarfjarðardeild
Ásmundur Guðmundsson	Arkarlæk	Hvalfjarðardeild
Jóhann Elísson	Skerðingsstöðum	Breiðafjarðardeild
Margrét Guðbjartsdóttir	Miklagarði	Breiðafjarðardeild
Soffia Jónsdóttir	Efri Brunná	Breiðafjarðardeild
Gústaf Jókull Ólafsson	Miðjanesi	Breiðafjarðardeild
Félagsbúið	Breiðalæk	Breiðafjarðardeild
Loftur S. Guðjónsson	Ásbjarnarstöðum	V-Húnabingsdeild
Pétur Sigurvaldason	Neðri-Torfu	V-Húnabingsdeild
Auðólfssstaðabúið	Auðólfsstöðum	A-Húnabingsdeild
Pálmi Ingimarsson	Árholti	A-Húnabingsdeild
Jens Jónsson	Brandaskarði	A-Húnabingsdeild
Þorvaldur Gestsson	Krossi	Skagafirði
Jóhann og Arnheiður	Vöglum	Hrafnagilshr.
Kristín og Sæmundur	Merkigili	Hrafnagilshr.
Félagsbúið	Villingadal	Saurbæjarhr.
Aðalheiður Guðmundsdóttir	Munkaþverá	Öngulsst.hr.
Linda og Hlynur	Akri	Öngulsst.hr.
Þórdís og Leifur	Klauf	Öngulsst.hr.
Sólveig og Hörður	Svertingsstöðum	Öngulsst.hr.
Margrét Pétursdóttir	Gautsstöðum	Svalbarðsstrandarhr.
Jóna og Þorsteinn	Þverá	Öxndælahr.
Svana og Arngrímur	Melum	Svarfdælahr.
Soffia og Gunnlaugur	Klaufabrekum	Svarfdælahr.
Glúmur Haraldsson	Hólum	Reykðælahr.
Haukur Tryggvason	Laugabóli	Reykðælahr.
Hulda og Sveinbjörn	Búvöllum	Aðaldælahr.
Félagsbúið	Hjarðarbóli	Aðaldælahr.
Fagranaesbúið	Fagranaesi	Aðaldælahr.
Hulda og Viðir	Úlfssbæ	Bárðdælahr.
Friðrika og Ólafur	Bjarnarstöðum	Bárðdælahr.
Bergljót og Ingvar	Halldórssstöðum	Bárðdælahr.
Stóru-Tjarnir ehf.	Stóru-Tjörnum	Ljósvertningahr.
Karen og Sigurður	Krossi	Ljósvertningahr.
Kristín og Marteinn	Kviabóli	Kinnardeild
Sigurborg og Baldvin	Engihlíð	Kinnardeild
Unnur og Jón Helgi	Viðiholti	Reykjahverfi.
Steinþór Heiðarsson	Ytri-Tungu	Tjörnesi

Reglur um verðlaunaveitingu fyrir mjólk í I. flokk A eru þessar:

Verðlaun fá þeir innleggjendur sem lögðu inn mjólk í I. flokk A í öllum mánuðum ársins 2006.

Mörk fyrir I. flokk A eru þau að öll sýni mánaðarins séu undir 40 þús. í líftölu, margfeldismeðaltal mánaðarins á frumum sé undir 220 þús. og að engar lyfjaleifar finnist í mánuðinum.



Á myndinni hér til vinstri eru verðlaunahafar úrvalsmjólkur hjá Norðurmjólk, nú MS Akureyri, ásamt gæðastjóra, Kristínu og Kristjáni mjólkureftirlitsmanni. Þeir náðu mjög góðum árangri í framleiðslu úrvalsmjólkur á sl. ári. Þetta svæði er með nokkra yfirburði á landsvísu, ásamt Breiðafjarðardeild. Æskilegt væri að bera saman starfshætti og annað, sem stuðlar að slíkum árangri.

Osta- og smjörsalan



Föstudaginn 2. mars sl. var haldinn aðalfundur Osta- og smjörsölunnar sf. fyrir árið 2006 sem var 48. rekstrarár félagsins. Árið 2006 er síðasta rekstrarár Osta- og smjörsölunnar en starfsemi félagsins sameinaðist rekstri Mjólkursamsölunnar um síðastliðin áramót.

Segja má að starfsemi Osta- og smjörsölunnar hafi verið nánast ein óslitin sigurganga frá stofnun félagsins til síðasta dags. Þannig var árið 2006 metár í sölu félagsins sem undirstrikar þann frábæra árangur sem félagið hefur náð á markaði á Íslandi.


Í árskýrslu félagsins gefur að líta greinargott yfirlit um sölu þess frá árinu 1959 til síðasta árs. Þar kemur fram að á þessu tímabili hefur sala á smjöri vaxið úr 987 tonnum á ársgrundvelli í 1.350 tonn á síðasta ári. Í þessu tilliti er áhugavert að sjá að hámarki smjörsölunnar var náð árið 1974 þegar heildarsalan var 2.000 tonn.

Neysla á osti hefur vaxið úr 520 tonnum í 4.832 tonn sem er ótrúlegur árangur. Þannig hefur neysla á hvern íbúa farið úr 3 kg/íbúa árið 1959 í 15,9 kg á síðasta ári. Ekkert látt virðist vera á þessum vexti sem svarar til þess að ostaneyslan hefur aukist að meðaltali um riflega 90 tonn á hverju ári síðustu 50 árin.

Mikil aukning er í sölu á osti þessi misserin og má tala um sprengju í sneiddum og rifnum osti. Þannig jókst sala á sneiddum osti um 38% á árinu 2006 og var salan um 800 tonn. Ef þessi söluþróun heldur áfram má gera ráð fyrir að sneiðasalan fari yfir 1.000 tonna markið á þessu ári. Þá hefur einnig orðið mikil aukning á rifnum osti og var sala þess afurðaflokks tæplega 800 tonn 2006.

Glæsilegur söluárangur OSS á árinu 2006 er vitnisburður um góðan og mikinn árangur starfsfólks félagsins sem er mikils metinn.

Frumutalan á Norðurlöndum



Línurit 3. Samanburður á ársmeðaltölum frumutölu mjólkur á Norðurlöndunum, faldmeðaltal.

Ef faldmeðaltal frumutölu á Norðurlöndunum er borið saman má sjá að frá árinu 1990 hefur frumutalan lækkað mest á Íslandi. Hins vegar er staðan í dag enn sú að meðalfrumutalan á Íslandi hefur einungis náð meðalfrumutölu Danmerkur en á enn nokkuð í land með að ná því sem meðalfrumutala Svíþjóðar og Finnlands var árið 1990 og hvað þá meðaltölu Norðmanna á sama tíma.



Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði og Landssamband kúabænda í samstarfi við Bændasamtök Íslands hafa unnið veggspjald í stærð A3 að danskri fyrirmund um gott verklag vegna lyfjameðhöndlunar mjólkurkúa. Veggspjaldið verður sent út til mjólkurframleidenda á næstu dögum.

Fullt afurðastöðvaverð fyrir alla umframmjólk

Á fundi stjórnar Mjólkursamsölunnar ehf., sem haldinn var 19. febrúar s.l., var ákveðið að greiða fullt afurðastöðvaverð fyrir alla móttakna umframmjólk á yfirstandandi verðlagsári 2006/2007.

Greiðslur fyrir umframmjólk munu því fara með reglubundnum hætti – þ.e. 10. hvers mánaðar fyrir innlagða mjólk fyrri mánaðar. Ástæður þessarar ákvörðunar eru að miðað við þær áætlunar sem fyrir liggja, mun mjólkuriðnaðurinn með þessu ná því jafnvægi í birgðastöðu mjólkur sem stefnt hefur verið að. Jafnframt er jákvæð þróun í sölu mjólkurvara um þessar mundir, auk þess sem tilraunaverkefni í útflutningi lofar góðu og því nauðsynlegt að hafa svigrúm til að fylgja því verkefni eftir.

Gott að muna

Nýtt símanúmer hjá**RM: 569-1680**

Þeir sem eru ekki innan skýrsluhaldsins en óska samt eftir því að senda kýrsýni til RM geta haft samband við RM í síma **569-1682 - eða** **rm@sam.is**, til að fá senda sýnakassa.

**Meiri fréttir frá
mjólkur-
framleiðendum**

Auka þarf upplýsingastreymi milli mjólkurframleiðenda og starfsfólks afurðastöðvanna. Áhugavert væri ef þeir mjólkurframleiðendur sem standa í stórræðum, endurbótum eða nýframkvæmdum á búum sínum leyfðu fulltrúum samlaganna að vita af því, ekki síst ef það eru „opin fjós“ eða þess háttar. LK vefurinn er líka góður miðill sem nær til mjög margra, m.a. samlaganna.

Samlagssvæðin eru orðin það stór, að þótt auglýst sé „opið fjós“ í fréttariti svæðisins er ekki víst að það berist til viðkomandi mjólkursamlags.

Eins væri gaman að fá eina og eina frétt úr starfinu, félagsmálunum eða öðru áhugaverðu, án þess þó að vera að keppa við Bændablaðið sem er sérstaklega vel heppnaður og góður miðill sem hefur kynnt íslenskan landbúnað á lifandi og skemmtilegan hátt.

Páll Sv.

Öskudagur á Bitruhálsinum

Stjórn MS/Auðhumlu svf. boðar til aðalfundar fulltrúaráðs félagsins, föstudaginn 16. mars 2007. Fundurinn hefst á hádegisverði kl 12:00 að Hótel Flúðum en að loknum málsværði hefst sjálfur aðalfundurinn að félagsheimilinu á Flúðum.

Dagskrá fundarins:

1. Venjuleg aðalfundarstörf skv. samþykktum félagsins
2. Önnur mál

Fundurinn er opinn öllum félagsmönnum.

Stjórnin

Vefstjóri MS

Aðalheiður E. Ásmundsdóttir hefur verið ráðin til starfa sem vefstjóri MS.

Aðalheiður nam jarðfræði við Háskóla Íslands og lauk diplomagráðu í markaðs- og útflutningsfræði frá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands árið 1997.



Hún hefur unnið til margra ára við ráðgjöf í vefsíðugerð, við endurhönnun og endurskipulagningu vefsíðna og markaðssetningu þeirra á Internetinu auk þess sem hún hefur einnig starfað sem upplýsingafulltrúi fyrirtækja. Aðalheiður mun vafalítið taka þátt í endurbótum og uppbyggingu bændavefs MS.

Innvigtun og nýting greiðslumarks á verðlagsárinu 2006-2007

Landið september-febrúar:	2006-2007	2005-2006	Mismunur	Hlutfall
Samtals:	57.158.812	51.597.627	5.561.185	10,78%
Greiðslumark	116.000.000	111.000.000	5.000.000	4,50%
Nýting greiðslumarks	49,27%	46,48%		

Landið janúar-febrúar:	2007	2006	Mismunur	Hlutfall
Samtals:	20.328.928	18.698.329	1.630.599	8,72%

Vikuinnlegg síðustu 5 vikurnar:

Landið síðustu 5 vikur:	2007	2006	Mismunur	Hlutfall
5	2.417.878	2.227.699	190.179	8,54%
6	2.436.022	2.254.480	181.542	8,05%
7	2.456.517	2.272.433	184.084	8,10%
8	2.481.614	2.292.359	189.255	8,26%
9	2.494.473	2.306.021	188.452	8,17%
Samtals:	12.286.504	11.352.992	933.512	8,22%